

Köllun Móse þá og nú

Frásögnin í 2. Mósebók og málverk Einars Hákonarsonar

Hin biblíulega saga af Móse er í raun án endis, eins og bent hefur verið á.¹ Þegar Ísraelsmenn eru loks komnir að því að halda inn í fyrirheitna landið eftir óbyggðagönguna löngu og ströngu deyr Móse, leiðtogi þeirra og fulltrúi Guðs.

Höfundur 5. Mósebókar (5Mós 34.10–12) segir að annar eins spámaður og Móse hafi aldrei komið aftur í Ísrael. Drottinn hafi umgengist hann augliti til auglitis. Um leið hvetur höfundurinn lesendur til að minnast tákna og stórmerkjanna sem Drottinn sendi Móse til að gera í Egyptalandi og að hafa í huga öll hin miklu og ógnvekjandi verk sem Móse vann í auglýsingu alls Ísraels. En eins og segir í 5Mós 34.6 veit enginn hvar gröf Móse er að finna.

Sennilega er þessi snubbótti endir á sögu Móse í lifanda lífi ástæða þess að framhaldslíf hans er þeim mun ríkulegra. Það framhaldslíf, eða sú áhrifasaga hans, hefst þegar innan Biblíunnar, heldur síðan áfram í fornum gyðinglegum og kristnum ritum, allt til okkar dags, m.a. í menningu og listum. Ýmsir þættir þeirrar miklu sögu eru afar girnilegir til fróðleiks og einn þáttur hennar er viðfangsefni þessarar greinar.

Í greininni er ætlunin að skoða textann annars vegar í sínu upphaflega samhengi innan 2. Mósebókar og hins vegar að kanna heimfærslu frásagnarinnar í málverki Einars Hákonarsonar, *Opinberun við Helgafell* (2017). Hinn forni texti Gamla testamentisins verður m.ö.o. borinn saman við íslenskt málverk frá síðastliðnu ári. Áhersla greinarinnar hvílir fremur á þessum samanburði heldur en á nákvæmri rit-skýringu textans, enda er enginn skortur á greinum eða bókum um þann þátt rannsóknarinnar.

Má því segja að snar þáttur þessarar umfjöllunar, sem er í eðli sínu samanburðar-rannsókn, flokkist undir það sem kallað hefur verið áhrifasaga Biblíunnar eða framhaldslíf hennar í menningu og listum og hafa slíkar rannsóknir átt vaxandi fylgi að fagna á síðastliðnum árum.²

Einn þýðingarmesti kafli 2. Mósebókar

Þriðji kafliinn er einn þýðingarmesti kafliinn í 2. Mósebók. Þar hlýtur Móse þá köllun að leiða Ísraelsmenn út úr Egyptalandi. Sú köllun er undrum og stórmerkjum krýnd,

¹ Melanie J. Wright, *Moses in America: The Cultural Uses of Biblical Narrative*, New York: Oxford University Press, 2003, bls. 3. Um áhrif Móse í bandarískri sögu og menningu má einnig lesa í bók Bruce Feller, *America's Prophet: Moses and the American Story*, New York: HarperCollins Publishers, 2009.

² Yvonne Sherwood, *A Biblical Text and its Afterlives: The Survival of Jonah in Western Culture*, Cambridge: Cambridge University Press, 2000; Scott M. Langstone, *Exodus Through the Centuries*, Oxford: Blackwell Publishing, 2006; *The Oxford Handbook of the Reception History of the Bible*, ritstj. M. Lieb, E. Mason, J. Roberts og C. Rowland, Oxford: Oxford University Press, 2011; Gunnlaugur A. Jónsson, *Áhrifasaga Saltarans*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014.

þar sem hún berst honum úr logandi runna sem brennur þó ekki, og þar opinberar Guð nafn sitt, Jahveh, í fyrsta sinn.³

Meginefni þessa kafla er þó köllun Móse. Opinberun Jahve-nafnsins er aðeins einn liður í köllunarfrásögunni. Réttilega hefur verið sagt að frá og með 3. kafla breytist eðli 2. Mósebókar á afgerandi hátt. Fram að þessu hafi verið fjallað um aðdraganda þess stóra drama sem nú muni í smáatriðum, skref fyrir skref, kynnt lesendum.⁴ Hebreunum, sem búið höfðu við ánaud og þrælkun í Egyptalandi, er valinn leiðtogi sem leiða skal fólkið út úr ánaudinni til lands sem flýtur í mjólk og hunangi (2Mós 3.10).

Ekki ævisaga Móse

Það var ekkert sérstakt við Móse áður en Guð kallaði hann. Hann hefur væntanlega hlotið góða menntun í Egyptalandi en heimildir geta ekki um að hann hafi verið sérstaklega frómur eða guðhræddur.⁵ Hann hafði gerst fjárhirðir, eins og svo margir aðrir. Það sem einkum greindi hann frá öðrum var að hann hafði orðið að flýja til Midíanslands vegna þess að hann hafði orðið manni að bana. Þannig var hann skilinn frá löndum sínum. Persóna Móse gengur síðan eins og rauður þráður í gegnum alla bókina.

Þrátt fyrir það hversu stóru hlutverki Móse gegnir í 2. Mósebók hafa sagnfræðingar á stundum reynt að neita tilvist hans. Ákvörðunin um brottförina af Egyptalandi og framkvæmd hennar verða hins vegar óskiljanlegar án Móse. Norðmaðurinn Sigmund Mowinckel (1884–1965) hefur réttilega bent á að ákvarðanir sem þessar eru aldrei til orðnar hjá hinum nafnlausu mannfjölda, a.m.k. er það ætíð einhver leiðtogi sem er ábyrgur fyrir að hrinda þeim í framkvæmd.⁶ Eða eins og sænski biskupinn og trúarbragðafræðingurinn Nathan Söderblom (1866–1931) mun hafa komist að orði: „Ef Móse hefur ekki verið til, þá verðum við að finna hann upp.“⁷ Það gildir um frásagnirnar af Móse, eins og flesta hluta Fimmbókaritsins, að þær eru orðnar til á löngum tíma. Þórir Kr. Þórðarson (1924–1995) komst vel að orði er hann sagði að 2. Mósebók sé „ekki samín af einum manni er sat við skrifborð, heldur er tilurðarsaga hennar nátengd lífuðu lífi safnaðarins í guðsdýrkun og pólitísku lífi.“⁸ Þetta þýðir að við höfum ekki neina ævisögu Móse, hvað þá að hún sé rituð með markmið vísindalegrar

³ Þá er rétt að geta þess, þótt aðeins sé í neðanmáli, að þessi kafli hefur haft mikla þýðingu fyrir heimildakenninguna svonefndu, áhrifamestu kenningu sem sett hefur verið fram um myndunarsögu Mósebóka. Er sú kenning oft tengd Þjóðverjanum Julius Wellhausen (1844–1918) og verður vikið nánar að henni aftar í þessari grein.

⁴ Göran Larsson, *Uppbrottet: Bibelteologísk kommentar till Andra Moseboken*, Stokkhólmi: Verbum, 1993.

⁵ Gerhard von Rad, *Moses*, London: Lutterworth Press, 1960. Sagan af bernsku Móse hefur orðið mörgum tilefni til langra hugleiðinga um nám Móse í egypskri speki, æskuár við hirð faraós o.s.frv. Slíkar vangaveltur ganga þó oft mun lengra en heimildirnar gefa tilefni til.

⁶ Sigmund Mowinckel, *Israels ophav og eldste historie*, Osló: Universitetsforlaget, 1967, bls. 58.

⁷ Margir hafa orðið til að vitna í þessi orð Nathans Söderblom, þeirra á meðal Helmer Ringgren (1917–2012) í bók sinni *Israelite Religion*, London: SPCK, 1967, og þaðan er tilvitnunin hér að ofan tekin. Þess má geta að Nathan Söderblom fékk friðarverðlaun Nóbels árið 1930.

⁸ Þórir Kr. Þórðarson, *Köllun Móse*, fjölrit, Háskóla Íslands, 1988, bls. 3.

sagnfræði að leiðarljósi. Nafn Móse tengist hins vegar opinberun Guðs til Ísraels sterkari böndum en svo að þau verði auðveldlega slitin. Hið egypska nafn Móse er sterk vísbending þess að Hebrear hafi eitt sinn verið í Egyptalandi.

Spurningin um sannfræði Móse, sem ræða mætti í mjög ítarlegu máli, er þó ekki sérstakt viðfangsefni þessarar greinar. Áherslan hvílir annars vegar á almennri umræðu um boðskap 2. Mósebókar, vissulega með skírskotunum í skoðanir ýmissa fræðimanna. Hins vegar er lögð áhersla á áhrifasögu textans og þá alveg sérstaklega með einu íslensku dæmi, sem áður var getið um, þ.e. málverki Einars Hákonarsonar sem hann vann markvisst út frá þessari frásögn en með listræna túlkun sína og frelsi listamannsins að leiðarljósi.



Mynd 1. Málverk Einars Hákonarsonar *Opinberun við Helgafell*.

Leiðtogi, löggjafi og kraftaverkamaður

Samkvæmt þeirri mynd sem 2. Mósebók dregur upp var Móse leiðtogi Ísraelsþjóðarinnar í pólitísku og trúarlegu tilliti, þ.e. leiðtogi þeirrar „þjóðar“ sem yfirgaf Egyptaland og hélt áleiðis til fyrirheitna landsins, eða Kanaanlands. Hann var meðalgangari sáttmálans milli þjóðarinnar og YHWH. Hann kynnti löndum sínum skilmála sáttmálans í formi margvíslegra lagaákvæða. Hann var því stofnandi hins hebreska átrúnaðar.⁹

Í gyðinglegri og kristinni hefð er Móse mjög tengdur lögmálinu. „Lögmálið var gefið fyrir Móse,“ segir í Jóh 1.17 og þar með er, jafnt að kristnum og gyðinglegum skilningi, hið þýðingarmesta sagt um Móse. En Móse er ekki bara löggjafi í Gamla testamentinu. Hann biður einnig fyrir þjóð sinni og þar er hlutverk hans meira í ætt við fagnaðarerindi en lögmál.¹⁰ Ekki má heldur gleyma þeim dráttum myndarinnar af Móse þar sem hann birtist sem kraftaverkamaður.

Þá hefur — ekki síst á síðustu áratugum — verið reynt að neita því að frelsunin af Egyptalandi hafi nokkru sinni átt sér stað, að frásagnirnar um hana í Fimmbókaritinu eigi sér ekki stoð í raunveruleikanum.¹¹ Minning þessa atburðar endurómar aftur á móti í allri trúarhefð Gamla testamentisins og fjölmörg lagaákvæði eru byggð á henni. Hún verður því ekki auðveldlega afskrifuð, þó að hún kunni víða að bera svipmót síðari alda. Hin forna saga var höfð um hönd í guðsþjónustunni, endurlifuð þar, og guðsþjónustan setti svipmót sitt á hana. Það merkir þó ekki að sagan eigi upphaf sitt í guðsþjónustunni.

⁹ Helmer Ringgren, *Israelite Religion*, bls. 28.

¹⁰ Erik Aurelius, *Der Fürbitter Israels: Eine Studie zum Mosebild im Alten Testament*, Stokkhólmi: Almqvist & Wiksell International, 1988.

¹¹ Niels Peter Lemche, *Early Israel*, Leiden: E. J. Brill, 1985.

Af nýju fræðiriti um 2. Mósebók og öðru eldra og íslensku

Í nýja og áhrifamiklu fræðiriti um 2. Mósebók, *The Exodus*, leitast hinn kunní bandaríski gamlatestamentisfræðingur Richard Elliott Friedman (f. 1946) við að sýna fram á að frelsunin frá Egyptalandi hafi sannarlega átt sér stað.¹² Í þessari bók styður Friedman kenningu sína m.a. með rökum heimildakenningarinnar hefðbundnu og niðurstöðum fornleifafræði.

Friedman heldur því þó ekki fram að allur Ísrael hafi verið í Egyptalandi heldur hafi það verið Levítarnir svonefndu sem mikið fer fyrir í Gamla testamentinu. Hann sýnir síðan fram á hvernig Levítar urðu hluti af Ísrael og samfélagi Gyðinga eftir komuna til fyrirheitna landsins. „Eftir samrunann gleymdist exodus aldrei,“ skrifar hann og bætir því við að þvert á móti hafi þjóðin haldið atburðinn hátiðlegan sem páska. Sagan var sungin og skráð í lausu máli. Fólki var boðið að kenna hana börnum sínum. Hún leiddi til helgisiða, fórna og bæna. Og Friedman nefnir réttilega að sagan af flótta Ísraels frá Egyptalandi sé oft talin hin þýðingarmesta í hebresku Biblíunni.¹³ Í því sambandi má minna á að t.d. hinn kunní þýski gamlatestamentisfræðingur Walther Zimmerli (1907–1983) hélt því fram að er enginn atburður í allri sögu Ísraels sé umlukinn slíkum kraftaverkum af hálfu Jahveh eins og frelsunin frá Egyptalandi.¹⁴

Til fróðleiks og samanburðar skal hér vitnað í 70 ára íslenskt rit, þ.e. í *Ísraels sögu* Ásmundar Guðmundssonar (1888–1969) frá 1948. Þar kemst höfundurinn svo að orði um köllun Móse og aðdraganda hennar:

Á för sinni um öræfin með hjörð sína hyggst hann komast að raun um það, hvar Jahve eigi heima. Þar rís sviþmikið og fagurt fjall, Araif = Hóreb (E), en J nefnir það Sínaí (af Sín = þyrnirunnur?). Hefir það vísast verið eins konar Helgafell í augum Jetró og trúbræðra hans. Á fjallinu mun Móse hafa séð einhverja þá sjón, er fullvissaði hann um návist Jahve og helgi staðarins, hvort sem það hefur verið vafurlogi í runni, reiðarslag og blossandi bál, eða eitthvað annað. Jafnframt eignast hann þá vissu, að Jahve, guð hersveitanna, sem birtist í náttúruöflum óbyggðanna, sé sá guð, er leitt hafi forfeður Ísraels og þeir tignað og tilbedið án þess að þekkja nafn hans. Og hinn sami guð hlaut að láta sig skipta eynd og áþján niðjanna í Egyptalandi og vera fús til að liðsinna þeim, ef þeir beindu ákalli sínu til hans.¹⁵

Þriðji kafli 2. Mósebókar er kjarninn í frásagnarheild sem byrjar með flótta Móse frá Egyptalandi til Midíanslands (2.11 o.áfr.) og endar með því að hann kemur þaðan aftur til Egyptalands (4.18 o.áfr.)

Áhrif heimildakenningarinnar

Hin hefðbundna heimildakenning¹⁶ hefur leitt til þess að fræðimenn hafa löngum talið sig sjá hér bæði J- og E-efni, þar sem J-efnið er ríkjandi. E og P eru sammála

¹² Richard Elliott Friedman, *The Exodus*, New York: HarperCollins Publishers, 2017.

¹³ Richard Elliott Friedman, *The Exodus*, bls. 113 (þýðing mín).

¹⁴ Walther Zimmerli, *Old Testament Theology in Outline*, Atlanta: John Knox Press, 1978, bls. 22.

¹⁵ Ásmundur Guðmundsson, *Saga Ísraelsþjóðarinnar*, Reykjavík (útgefanda ekki getið), 1948, bls. 39–40.

¹⁶ Heimildakenningin er áhrifamesta kenningin sem sett hefur verið fram um myndunarsögu Mósebóka. Hún gengur í einfaldaðri mynd út á að Mósebækur séu settar saman úr fjórum heimildum sem kenndar eru við bókstafina J, E, D og P og sé nokkurra alda munur á þeirri elstu, J, og þeirri yngstu, P. Sú elsta væri þá frá 9. öld f. Kr. en sú yngsta líklega frá tímum babýlónsku útleiðarinnar eða lokum hennar, u.þ.b. 550 f. Kr. Þó að kenningin hafi verið gagnrýnd um margt í tímans rás er ekki hægt að halda því fram að nein kenning hafi beinlínis leyst hana af hólmi. Kenningin er gjarnan kennd við Þjóðverjann Julius Wellhausen (1844–1918) sem þótti setja hana fram á einkar sannfærandi hátt í riti sínu um sögu Ísraels, *Geschichte Israels*, sem kom fyrst út árið 1878. Þekktara varð ritið í 2. útgáfu 1883 undir titlinum *Prolegomana zur Geschichte Israels*, Berlín: Druck und Verlag von G. Reimer. Það var sú útgáfa sem þýdd var á ensku og fór sigurför um allan hinn vestræna heim, þó að vissulega hafi alls staðar orðið miklar deilur um kenningar hennar.

um að hér sé að finna upphaf YHWH-nafnsins, en samkvæmt J-heimildinni hafði YHWH-nafnið verið notað allt frá 1Mós 4.26. Það er ríkjandi viðhorf fræðimanna að líta á notkun nafnsins sem „anacrónisma“ (tímaskekkju) sem hafi byggst á þeirri sannfæringu höfundar J-ritsins að Guð Móse hafi verið sá sami og Guð ættfedranna.¹⁷ Þó að manni virðist stundum að það auki ekki mikið skilning okkar á textum Fimmbókaritsins¹⁸ að gera ráð fyrir að textarnir séu til orðnir á þann veg að ólík heimildarit séu sett saman í eina frásögn, þá verður því hins vegar ekki neitað að oft er það mjög til skilningsauka. Hér í 3. kafla 2. Mósebókar er það svo. E (3.9–15) og P (6.2–9) eru sammála um að tengja opinberun YHWH-nafnsins við Móse-tímann. Þannig segir í 6. kafla:

Ég er Drottinn! Ég birtist Abraham, Ísak og Jakobi sem almáttugur Guð [El sjaddaj], en undir nafninu Drottinn [YHWH] opinberaði ég mig ekki. (2Mós 6.2–3)

Sömu hugsun er að finna í Hósearítinu 13.4:

En ég, Drottinn, er Guð þinn frá því á Egyptalandi.

Á ættfedratímanum hafði Guð birst undir öðrum nöfnum, þ. á m. El Sjaddaj, El Eljon og El Olam. E- og P-heimildirnar ganga báðar út frá að ekkert „teófórt“ sér-nafn hafi verið til á ættfedratímanum.¹⁹

Köllunarfrásögn

Hér er um köllunarfrásögn að ræða. Hún er byggð upp eftir sama mynstri og við þekkjum úr ýmsum öðrum köllunarfrásögnum í Gamla testamentinu. Í Gamla testamentinu er raunar um tvær gerðir köllunarfrásagna að ræða. Aðra gerðina sjáum við í Jes 6 og Esk 1–3. Í henni birtist hinum kallaða sýn af Guði sitjandi í háseti sínu. Hinn kallaði tekur að sér hlutverkið án mótmæla.

Hin gerðin einkennist af samræðum á milli Guðs og þess sem kallaður er. Hinn kallaði færðist undan því að taka að sér það hlutverk sem honum var falið á hendur. Sú köllunarfrásögn sem hér um ræðir er þessarar gerðar. Auk hennar tilheyra textarnir um köllun Gídeons (Dóm 6.11–18), Sáls (1Sam 9.1–10.16) og Jeremía (Jer 1.4–19) þessari gerð. Frásögnin af köllun Jeremía er sérstaklega gott dæmi um form þessara köllunarfrásagna. Guð felur Jeremía hlutverk á hendur (v. 4–5). Hinn kallaði mótmælir (v. 6: „Æ, herra Drottinn! Sjá, ég kann ekki að tala, því að ég er enn svo ungur“). Guð hrekur mótmælin með því að gefa fyrirheit (V. 8 „ég er með þér“). Fyrirheitið er loks staðfest með tákni (v. 11–12, „Ég sé möndluviðargrein“).

Sömu byggingu sjáum við í frásögninni af köllun Móse. Þar koma einnig fyrir þessi fjögur megineinkenni köllunarfrásagnanna: *Köllun*, *hlutverk*, *mótmæli*, *fyrirheit* og *tákn*. Það skiptir meginmáli að hafa í huga að opinberun nafnsins er einn liður í hinni dæmigerðu köllunarfrásögu.²⁰

¹⁷ Tryggve Mettinger, *Namnet och närvaron*, 1987, Örebro: Bokförlaget Libris 1987, bls. 29.

¹⁸ Svo eru Mósebækur gjarnan nefndar í biblíufræðum. Á ensku *Pentateuch*.

¹⁹ „Teófórt“ nafn er það nafn kallað þar sem guðsnafnið, í þessu tilfalli Jahveh, er hluti af nafninu, sbr. Jó-tam, Jó-el, Ússí-ja, Elí-ja Óbad-ja o.s.frv.

²⁰ Tryggve Mettinger, *Namnet och närvaron*, bls. 32.

Mikilvægi hirðisins

Kaflinn hefst á því að greina frá því að Móse hafi gerst fjárhirðir hjá Jetró, tengdaföður sínum, í Midíanslandi. Það eru engin smámenni sem bera hirðistitil í Gamla testamentinu. Auk Móse sjálfs er Davíð sálmaskáld og síðar konungur þeirra þekktastur ásamt vitaskuld Drottni sjálfum, sbr. Slm 23.1, „Drottinn er minn hirðir“. Í þeim kunna sálmi er Drottinn lýst eins og þeim sem verndar og gætir hjarðar sinnar. Fyrsti hirðirinn, sem nefndur er í Biblíunni er Abel, sem féll fyrir hendi bróður síns, jarðyrkjumannsins Kain (1Mós 4). Amos spámaður hafði einnig verið fjárhirðir þó að annað hebreskt orð sé raunar notað þar (Am 7.14–15).

Hirðistitillinn var mikið notaður um konunga og pólitíska leiðtoga í hinum fornu Miðausturlöndum en það er athyglisvert að þegar þessi titill er notaður á þann veg í Gamla testamentinu er það yfirleitt á neikvæðan hátt. Guð var hinn sanni hirðir Ísraels og aðra hirða þjóðarinnar vantaði yfirleitt mikið upp á að uppfylla þær vonir sem tengdar voru hirðishlutverkinu.²¹ Um leið og Esekíel þrumar gegn Ísraels hirðum (Esk 34) gefur hann fyrirheit um hirði af Guði sendan, og var það loforð skilið sem spádómur um komu Messíasar, þannig að titillinn er tengdur messísarvonum Gamla testamentisins og er hann því meðal þess sem tengir Gamla og Nýja testamentið. Í ljósi þess ber að skoða frásögn Jóhannesarguðspjalls þar sem Kristur líkir sér við góðan hirði (Jóh 10.11). Gamla hirðishlutverki Móse var að ljúka og nýtt hirðishlutverk tók við, þar sem hann varð leiðtogi þjóðar.

Það er vert að hafa í huga að fjárhirðirinn í landinu helga var frábrugðinn íslenska smalanum að því leyti að fjárhirðirinn gekk á undan hjörð sinni. Sú mynd var því vel til þess fallin að nota yfir leiðtoga.

Köllunarfrásögn þessi er hliðstæð mörgum öðrum köllunarfrásögnum Gamla testamentisins í því að marka róttæk skil gagnvart því liðna.

Guðs fjall

Í hinum forna heimi var sú hugmynd mjög útbreidd að guðinn byggi á fjalli. Í upphafi 3. kaflans segir frá því að Móse rak fé Jetró, tengdaföður síns, langt inn í eyðimörkina „og kom að fjalli Guðs“. Þar eiga sér stað mikil þáttaskil exodus-frásagnarinnar en fjallið sem um er að ræða er víða annars staðar í Gamla testamentinu kallað Sínaí og þekktara undir því nafni. Nákvæm staðsetning fjallsins er hvorki hér né annars staðar tilgreind, hún virðist því ekki álitin þýðingarmikil. Og einmitt það atriði sýnir að meginatriði frásagnarinnar er guðfræði en ekki landafræði.²² Hefðin staðsetur fjallið á syðri hluta Sínaískagans þar sem nú heitir Jebel Musa (Fjall Móse) en ekki er unnt að rekja þá hefð lengur aftur en til 4. aldar e. Kr. Nöfnin Jetró og Hóreb eru talin meðal einkenna E-heimildarinnar. Bæði J- og P-heimildirnar nota Sínaí-nafnið um fjall Guðs. Stundum er því raunar haldið fram að Hóreb eigi frekar við um landsvæði en fjall.

Hvað sem því líður þá gegnir fjall Guðs stóru hlutverki í 2. Mósebók, eins og raunar fjöll víðar í Biblíunni. Móse hlýtur köllun sína á fjalli eða við fjall og sáttmálinn

²¹ Benda má á eftirfarandi ritningarstaði til stuðnings þessari fullyrðingu: Jer 10.21; 22.22; 23.1–4; Esk 34.1–10; Sak 10.3; 11.4–17.

²² John I. Durham, *Exodus*, Waco, Texas: Word Books Publishers, 1987, bls. 30.

milli Guðs og Ísraels á sér einnig stað á hinu sama fjalli (2Mós 19–20) og þar tekur Móse við boðorðunum sem tákni sáttmálans. Síðar gegnir Síonarhæð í Jerúsalem stóru og mikilvægu hlutverki sem tákni um nærveru Guðs og musteri Salómons hefur annað hvort verið reist á þeirri hæð eða upp af henni. Einn af þekktari sálmum Saltarans (Slm 121) hefst á orðunum: „Ég hef augu mín til fjallanna...“ og eru þau orð oft túlkuð þannig að það að hefja augu sín til fjallanna sé eitt og hið sama og hefja augu sín til Guðs. Nýja testamentið greinir okkur enn fremur frá því að sú ræða Jesú sem frægust hefur orðið, líklega frægasta og áhrifamesta ræða allra tíma, hafi verið flutt á fjalli, þ.e. fjallræðan svonefnda (Matt 5–7).

Við þá opinberun sem Móse öðlast samkvæmt frásögn 3. kaflans er ýmist talað um engil Guðs eða Guð (Drottin). Eins og sést á v. 4 o.áfr., þar sem það er Guð sjálfur sem talar, þá er hér tæpast átt við sjálfstæða veru eins og í yngri hlutum Gamla testamentisins. Í eldri hlutum Gamla testamentisins virðist „engill Drottins“ birtingarform Drottins sjálfs. Þess vegna er í einu versí unnt að tala um engil Drottins og svo í næsta versí um Drottin sjálfan. Annað dæmi þessa er að finna í Dóm 6.11–24.

Runninn sem brann ekki

Opinberunin tengist þyrnirunna og er það minnstætt atriði í frásögninni og hefur gegnt stóru hlutverki í rannsókn- og áhrifasögu textans. Hebreska orðið yfir runna, *seneb*, hljómar líkt „Sínái“ en á þó ekkert orðsifjalega skylt við nafnið á fjallinu. Orðið *seneb* kemur aðeins fyrir einu sinni á öðrum stað í Gamla testamentinu. Það er í 5Mós 33.16 þar sem Jahveh er kallaður „hann, sem bjó í runnanum“ með augljósri tilvísun til þess atburðar sem hér er lýst.

Í gyðinglegri túlkunarhefð hefur þyrnirunnurinn staðið sem tákni fyrir þjáninguna og metafóra fyrir Gyðingabjódina sem brann, í bæði bókstaflegum og táknrænum skilningi, en var þó ekki eytt.²³ Guð kemur til okkar mitt í þjáningunni, sbr. Slm 91.15: „ég er hjá honum í neyðinni.“ Samkvæmt hinni gyðinglegu hefð eru orð Guðs til Móse túlkuð þannig: „Veistu ekki að ég þjáist eins og Ísrael gerir? Af þyrnunum, þ.e. staðnum sem ég tala til þín, skalt þú vita að það er eins og ég eigi hlutdeild í þjáningu ykkar.“ Þessi gamla hefð er að því leyti í samræmi við samhengi textans að þar er aftur og aftur endurtekið (v. 7–10) að Guð sé með þjóð sinni í þjáningu hennar.

Staðhæfinguna um að runninn hafi staðið í ljósum logum en ekki brunnið upp hafa ritskýrendur oft reynt að útskýra á náttúrulegan hátt, til dæmis með því að lafið hafi á einhvern hátt endurkastað skæru sólskininu.

Slíkar tilraunir eru ástæðulausar. Hinir fornu Hebrear lifðu í heimi þar sem þeir reiknuðu með táknum og undrum og voru vanir að túlka ýmsa atburði sem opinberun Guðs.²⁴

Heilög jörð

Viðvörðun Guðs til Móse um að ganga ekki nær (v. 5) er endurtekin á mismunandi vegu í 2. Mósebók og sömu hugsun er að finna í niðurlagi ritsins í 2Mós 40.34–35 þar sem segir: „Þá huldi skýið samfundatjaldið, og dýrð Drottins fyllti búðina, og

²³ Dennis Prager, *Exodus*, 2018.

²⁴ James Philip Hyatt, *Exodus*, 1971, bls. 72.

mátti Móse ekki inn ganga í samfundatjaldið, því að skýið lá yfir því og dýrð Drottins fyllti búðina.“ Lýsingin myndar tengsl við upphaf 3. Mósebókar þar sem Drottinn talar til Móse úr samfundatjaldinu. Sömu lotningu og auðmýkt fyrir nálægð Guðs sjáum við t.d. hjá Jesaja (6.5) þegar hann stendur andspænis hinum heilaga Guði í musterinu og hlýtur þar köllun sína.

Krafan um að Móse dragi skóna af fótum sér minnir á að meðal múslima er það enn venja að fara úr skónum áður en gengið er inn til guðsþjónustu í moskunnni. Raunar er þessi venja ekki takmörkuð við íslam. Þannig hefur verið bent á að kristnum Indverjum finnist óeðlilegt að ganga inn í kirkju án þess að fara úr skónum. Við lestur hinnar arónísku blessunar (4Mós 6) í sýnagógunni, samkunduhúsi Gyðinga, fara prestarnir, *kohanim*, enn úr skónum.

Staðhæfingin um að staðurinn sem Móse stendur á sé heilög jörð hefur oft verið skilin á þann hátt að staðurinn hafi þegar verið álitinn heilagur áður en Móse kom þangað og er sú túlkun ekki síst tengd kenningunni um að Sínaí hafi verið aðsetur miðíanska guðdómsins Jahveh.²⁵ En vitaskuld er einnig mögulegt að líta svo á að staðurinn hafi verið álitinn heilagur í kjölfar reynslu Móse þar og frásögnin hafi síðar mótast í samræmi við það.

Þau viðbrögð Móse að byrgja auglit sitt minna á þá trú sem fram kemur annars staðar í Gamla testamentinu að enginn maður geti séð Guð og haldið lífi (2Mós 33.20; Dóm 13.22).

Frelsun undan eynd og þjáningu

Þegar Drottinn loks tekur til máls um erindi sitt og hlutverk það sem hann hyggst fela Móse á hendur hefst það á þeim orðum að hann hafi „séð eynd“ þjóðar sinnar í Egyptaland, „heyrt kvein“ og „þekki þjáningu“ hennar. Kvein til Drottins í Gamla testamentinu kallar yfirleitt á viðbrögð hans og svo er einnig hér. Og það reynist einmitt vera erindi hans við Móse, sem hann felur að fara af stað og leiða þjóð sína, „Ísraelsmenn út úr Egyptalandi“ (v. 10).

Flótti hinna ánauðugu frá Egyptalandi skýrir hvers vegna frelsunarguðfræðin svonefnda hefur tekið svo miklu ástfóstri við 2. Mósebók. Frelsunarguðfræðin varð til í Mið- og Suður-Ameríku í kringum 1970. Hún leitaðist við að túlka hina kristnu trú af sjónarhóli hinna fátæku og þjáðu íbúa þriðja heimsins og að lesa Biblíuna með augum hinna fátæku. Frelsunarguðfræðingarnir hafa oft leitast við að sýna fram á skyldleika á milli reynslu hinna fornu Hebraea og hinna fátæku íbúa þessarar heimsálfu þar sem kaþólskir menn hafa löngum verið í meirihluta.

Frelsunin úr ánauðinni í Egyptalandi varð grundvallarstef í þessari guðfræðistefnu. Sömu sögu var að segja um heimförina úr útlegðinni í Babýlóníu. Þessi stef hafa frelsunarguðfræðingar notað til að sýna að frelsunin, að biblíulegum skilningi, sé ekki bara andlegt hugtak heldur í hæsta máta áþreifanlegt og veraldlegt. Gustavo Gutiérrez (f. 1928), sem nefndur hefur verið stofnandi eða höfundur frelsunarguðfræðinnar, segir exodus-guðfræðina hafa að geyma þýðingarmestu andmæli Biblíunnar við

²⁵ Miðíanítakenningin svonefnda er vel þekkt í gamlamenteisfræðunum frá síðari hluta 19. aldar en er fjarri því ríkjandi skoðun. Hún gengur út á að Móse, leiðtogi hinna hebresku flóttamanna frá Egyptalandi, hafi kynnst guðdóminum Jahveh hjá Jetró, tengdaföður sínum, í Miðíanslandi og gert hann að sínum eða sameinað trúna á hann trúnni á guð ættfeðranna sem m.a. gekk undir nafninu El Sjaddaj. Kenningin byggist á sérstakri túlkun, einkum á tveimur textum, annars vegar 2Mós 3 og hins vegar 2Mós 18.

fátækt. „Fátækt er í beinni mótsögn við merkingu Móse-trúarinnar. „Móse leiddi þjóð sína út úr þrældómi, þjáningu og fíringu í Egyptalandi svo að hún mætti setjast að í landi þar sem hún gæti lifað með mannlegri reisn,“ skrifar Gutiérrez.²⁶

Nú líður að því að Móse fái að vita hvaða hlutverk honum er falið á hendur og hversu róttækt það er. Fyrst greinir Drottinn frá sínum þætti og þar kemur skýrt fram að hann er með í verki. Hann segir: „Ég er kominn niður til að bjarga henni [þjóðinni] úr greipum Egypta ...“ (v. 8). Þetta orðalag er mjög dæmigert fyrir J-ritið, sem lýsir Drottni (Jahveh) á mjög anþrópómorfískan hátt, sbr. í 1Mós 3.8 þar sem Drottinn er á gangi í Eden-garðinum í kvöldsvalanum og 1Mós 11.5 þar sem Drottinn stígur niður til að sjá borgina og turninn sem mennirnir höfðu reist.

Lýsingin á fyrirheitna landinu sem landi sem „flýtur í mjólk og hunangi“ er einkum áberandi í J- og D-heimildunum. Í samanburði við óbyggðirnar var landið vissulega þannig. Það var einmitt þetta sem Guð hafði eitt sitt lofað Abraham (1Mós 15.13–16) og síðan endurtekið gagnvart Ísak og Jakob. Það er því ekki óeðlilegt að Guð snúi sér fyrst til Móse með orðalaginu „Ég er Guð föður þíns“ (v. 6). Það er til þess fallið að tengja við fyrirheitin til fedranna.

Hlutverk Móse

Í v. 10 er Móse falið það hlutverk að fara til faraós og leiða síðan Ísraelsþjóðina út úr Egyptalandi, sbr. fyrsta lið hinnar dæmigerðu köllunarfrásögu Gamla testamentisins. Orðalagið er nánast það sama og í 2Mós 20.2, þ.e. í inngangi boðordanna, nema þar er það Drottinn sjálfur sem hefur leitt þjóðina út úr Egyptalandi. Hér er Móse ætlað að gera það.

Ekki tekur Móse þessu boði Drottins fagnandi heldur þvert á móti færast hann undan með orðunum: „Hver er ég að ég fari til faraós...?“

Þetta eru fyrstu mótmæli Móse af fjórum. Móse lætur í ljós þá skoðun að hann rísi ekki undir því hlutverki sem honum er lagt á herðar. Hin andmælin eru í 2Mós 4.1, 10, 13.

Drottinn svarar andmælum Móse með fyrirheitinu kunna: „Ég mun vera með þér“ (v. 12). Hér er strax er verið að spila á merkingu Jahveh-nafnsins sem opinberað er í v. 14–15. Bent hefur verið á að í guðsnafninu tengist hið liðna, nútíðin og framtíðin.²⁷ Nafnið „Ég er sá sem ég er“ nái bæði til Guðs fedranna — sem gefið hafði fyrirheiti og sett sögunni takmark — Guðs nútíðarinnar — sem er með okkur alla daga og uppfyllir loford sín — og Guðs framtíðarinnar. Annar máti við að tjá merkingu nafns Guðs eru setningar eins og: „Ég er hinn fyrsti og ég er hinn síðasti, og enginn Guð er til nema ég“ (Jes 44.6) eða „Ég er alfa og ómega, segir Drottinn Guð, hann sem er og var og kemur, hinn alvaldi“ (Opb 1.8).

Síðara orðalagið er tilraun til að tjá á grísku rabbínskan máta að tala um Guð, sem raunverulega er aðeins unnt á hebresku. Þar er sagt að Guð sé hinn fyrsti, og líkir honum við fyrsta stafinn í hebreska stafrófinu — þ.e. *alef*, „sá, sem nú er“ — og líkir honum við stafinn í miðju stafrófinu — þ.e. *mem* — og hinn síðasta, þ.e.a.s. síðasta stafinn í hebreska stafrófinu, *taw*. Þegar þessir þrjú bókstafir eru lesnir saman, verður úr því orðið *emet*, sem merkir „sannleikur“.

²⁶ Gustavo Gutiérrez, *Theology of Liberation*, 2001, London: SCM Press, bls. 260.

²⁷ Göran Larsson, *Uppbrottet*, bls. 54.

Af hebreska textanum verður ekki fyllilega ljóst til hvers „það“ vísar í setningunni „það skalt þú til marks hafa.“ Sumir vilja túlka textann þannig að „það“ vísi aftur til eldslogans í þyrnirunnum en aðrir skilja textann á þann veg að átt sé við guðsþjónustuna á fjallinu: „munuð þér þjóna Guði á þessu fjalli“. Enn aðrir telja jafnvel að textinn hér sé spilltur að það vanti í hann og því sé ekki ljóst hvert táknið sé.

Það þarf þó ekki að koma á óvart að Móse skuli halda áfram að undrast yfir því hvernig allt þetta megi verða og sé þeirrar skoðunar að þetta hlutverk sé honum um megn. Ekki sjaldnar en fjórum sinnum færist hann undan eða ber fram bón til Guðs um að skýra betur hvernig þetta megi verða. Í hvert sinn fær hann að heyra nýja útgáfu af grunnstefinu „ég mun vera með þér“.

Ein mótbára Móse er sú að Hebrearnir munu spyrja um nafn þess guðs sem hafi sent hann (v. 13). Ljóst má vera að Hebrearnir hafa ekki fyrst og fremst haft áhuga á nafninu sem hugtaki eða orði. Ef þeir segjast vilja vita nafnið, þá felur það í sér að þeir vilji vita eitthvað um eðli og einkenni þessa guðs. Guð sem ekkert nafn hefur er ekki hótinu betri en óþekktur guð.²⁸ Nafnið hafði miklu dýpri merkingu í hinum semítíska heimi heldur en nú meðal okkar Vesturlandabúa. Raunar er það svo í Gamla testamentinu að nafn Guðs og vilji hans til að hjálpa, bjarga, frelsa haldast í hendur. Slm 23.3 er gott dæmi um þýðingu nafnsins: „Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu *sakir nafns síns*.“

Hér erum við komin að þeim stað í frásögninni af köllun Móse sem tvímælalaust hefur dregið til sín langmesta athygli fræðimanna, þ.e. svar Guðs til Móse: „Ég er sá sem ég er.“ Seint yrðu upp taldar allar þær lærðu greinar og vangaveltur sem skrifaðar hafa verið um þýðingu þess svars og merkingu nafnsins.²⁹ Ljóst er að svarið og þar með Jahveh-nafnið tengist hebresku sögninni *hajah*, að vera. Algengustu skýringarnar eru þær að Jahveh-nafnið merki einfaldlega „hann sem er“ eða „hann sem lætur eitthvað verða“, þ.e. hann sem skapar.

En jafn forvitnileg og þessi umræða er þá fellur hún þó utan þess sem ætlunin var að taka fyrir í þessari ritsmíð. Og í stað frekari umræðu um nafnið skal nú hugað að málverki Einars Hákonarsonar sem klæðir þessa kunnu biblíusögu í íslenskan búning striga og lita.

Opinberun við Helgafell í ljósi myndlistarinnar

Einar Hákonarsonar (f. 1945) myndlistarmaður er fyrir löngu þjóðkunnur fyrir þjóðfélagsádeilu í myndlist sinni, einnig fígúratíva list og loks biblíuleg stef í myndlist.³⁰

Á námsárum sínum í Svíþjóð komst Einar í snertingu við helstu stefnur og strauma í myndlist Evrópu. Hann varð m.a. fyrir áhrifum frá enska málaranum Francis Bacon (1909–1992) sem á sinn mjög svo persónulega hátt „leiddi manninn og umhverfi hans til öndvegis í myndlistinni“³¹ á nýjan leik.

²⁸ Gerhard von Rad, *Moses*, bls. 19.

²⁹ Sem dæmi má nefna hið ítarlega skýringarit Brevards S. Childs, *Exodus: A Commentary*, London: SCM Press, 1974, bls. 64–71.

³⁰ Sigurður A. Magnússon, „Einar Hákonarson: Manneskjan í miðbiki“, *Íslensk list: Sextán íslenskir myndlistarmenn*, Kópavogi: Bókaútgáfan Hildur, 1981, bls. 89–98.

³¹ Sigurður A. Magnússon, „Einar Hákonarson“, bls. 89.

Raunar hafði námsferð Einars til Auschwitz, útrýmingarbúðanna illræmdu í Póllandi, ekki minni áhrif á hann sem myndlistarmann. Það sem hann sá þar sem ungur myndlistarnemi snart hann djúpt. Sú reynsla breytti honum beinlínis sem myndlistarmanni, breytti honum úr abstrakt málara í figuratívan málara. Það hefur Einar sjálfur sagt um þá reynslu í viðtali við höfund þessarar greinar.³²

Sumarið 2017 málaði Einar myndina *Opinberun við Helgafell* þar sem hann stýðst við frásögnina af köllun Móse og opinberun Jahveh-nafnsins í 3. kafla 2. Mósebókar. Myndlistarmenn hafa margir um aldir glímt við hið heillandi viðfangsefni þessarar frásagnar, ekki síst hvernig unnt væri að túlka opinberun Jahveh í runna sem logaði en brann þó ekki. Meðal þekktara málverka má nefna *Brennandi þyrnirunnann* eftir Matteo Rosselli frá 1623.³³

Líklega er þekktasta verkið sem málað hefur verið út frá þessari biblíufrásögn eftir hvít-rússneska Gyðinginn Marc Chagall (1887–1985),³⁴ en fáir hafa málað jafn mikið af áhrifamiklum listaverkum úr Gamla testamentinu og hann. Eins og ýmsir aðrir, þ.m.t. Einar Hákonarson, hefur Chagall reynst ófeiminn við að heimfæra hin biblíulegu viðfangsefni til samtíðar sinnar.

Í verki Chagalls af logandi runnanum og opinberun Jahveh-nafnsins vekur mesta athygli að hann táknar guðdóminn einfaldlega með bókstöfunum fjórum í hebreska nafni guðdómsins (*jod-he-waw-he*). Stafina hebresku málara Chagall inn í loga sem stendur eins og hringur upp úr runnanum. Og lítill engill flögrar yfir. Þannig er málverk Chagalls að þessu leyti í samræmi við frásögnina sem fjallar bæði um guðdóminn (Jahveh) og engil.

Heimfærslan er áberandi í biblíulegum myndum Einars. Myndefnið færir hann heim bæði í tíma og rúmi, ef svo má segja. Er skemmst að minnast krossfestingar Krists í verki Einars *Á Valbúsabæð* (1982), myndarinnar *Bæn* (1982) sem sýnir Krist í Hljómskálagarðinum í stað Getsem-ane, Davíð konung í málverkinu *Harpa Davíðs í Kaldalóni* (2013) þar sem Davíð hefur augu sín upp til Drangajökuls og breytist um leið í mynd tónskáldsins Sigvalda Kaldalóns (1881–1946). Þar er Einar jafnframt að vinna út frá 121. Davíðs-sálmi, „Ég hef augu mín til fjallanna“.³⁵

Biblíulegir viðburðir heimfærslumynda Einars eru gjarnan settir inn í íslenskt landslag, jafnvel má stundum þekkja þar íslenskar persónur. Ekki er



Mynd 2. *Harpa Davíðs í Kaldalóni*.

Málverkið er frá árinu 2013. Þar staðsetur Einar þekktasta sálmaskáld og konung Gamla testamentisins, sjálfan Davíð, inni í Kaldalóni og tengir hann um leið íslenska læknum og tónskáldinu Sigvalda S. Kaldalóns.

³² Höfundur þessarar hefur átt allmörg viðtöl við Einar um myndina, bæði þegar hún var spánný og eins nú á lokastigum þessarar greinar.

³³ Um Móse í myndlistarsögunni má m.a. lesa í bók Patricks De Rynck, *Understanding Paintings: Bible Stories and Classical Myths in Art*, London: Thames & Hudson, 2009, bls. 256–267.

³⁴ Marc Chagall, *My Life*, London: Peter Owen Publishers, 1995.

³⁵ Gunnlaugur A. Jónsson, *Abriðisaga Saltarans*, bls. 447–451.

Þetta þó algilt, mynd hans af *Innreið Jesú í Jerúsalem* virðist staðsett í þeirri borg en meðal þeirra sem fagna hinum komandi konungi Gyðinga er einn með kvikmyndavél svo að ljóst má vera atburðurinn hefur verið færður fram um tuttugu aldir.

Í viðleitni Einars til að heimfæra hinn biblíulega boðskap má greina vissan skyldleika við ástralska málarann Arthur Boyd (1920–1999), sem m.a. hefur málað myndir af Adam og Evu og einnig gullkálfinum (1946) og staðsett í áströlsku umhverfi. Síðarnefnda myndefnið hefur jafnframt verið túlkað sem viðbrögð Boyds við síðari heimsstyrjöldinni.³⁶ Einar segir að þar sé þó ekki um bein áhrif að ræða hjá sér. Þessir tveir málarar, eins og svo margir aðrir, eiga þessa viðleitni sameiginlega og það leynir sér ekki að Einar er mjög víðlesinn í myndlistarsögunni, bæði eldri tíma list og nútímalist. Hann segist t.d. hafa orðið fyrir talsverðum áhrifum frá hollenska málaranum kunna Hieronymus Bosch (1450–1516) sem málaði heimikið af biblíulegu efni en ekki síst dómsdagsmyndir. Einar segir að þau áhrif birtist þó ekki í þeirri mynd hans sem hér er til umræðu.

Lýsing málverksins *Opinberun við Helgafell*

Í verkinu *Opinberun við Helgafell* sem Einar málaði sumarið 2017 er viðfangsefnið greinilega hinn logandi þyrnirunni og guðsbirtingin þar. Í bakgrunni er Helgafell, þ.e. Helgafell Hafnafirðinga. Biblíuefnið dylst ekki þeim sem á annað borð þekkja eitthvað til Biblíunnar. Einar hafði leitað nokkuð á Suðurnesjum að stað þar sem hann gæti staðsett þennan forna biblíulega viðburð.³⁷ Helgafellið varð að lokum fyrir valinu.

Aðspurður um hvar Mósegervingurinn sé staðsettur segir Einar að fyrst hafi hann verið með Kapelluhraun í huga en síðar komist að því að nálægð við Kaldársel væri heppilegri staður. Á þeim slóðum má sjá trjárunna í þeirri stærð sem Einar hefur í mynd í sinni.

Hann leggur þó áherslu á að hann máli ekki svo „natúralistískt“ að hægt sé að slá því nákvæmlega föstu t.d. hvar Bollarnir svonefndu að baki Helgafelli séu. En sá áhorfandi sem vill túlka á eigin forsendum og þekkir vel til þarna hann gæti bent á að logarnir úr runnanum teygja sig upp að Grindaskörðum en þar yfir liggur hin gamla þjóðleið milli Hafnarfjarðar og Selvogsins, Selvogsgatan svonefnda, sem liggur niður að Hlíðarvatni í Selvogi. Þar skammt frá stendur Strandarkirkja, mesta áheita-kirkja landsins, eins konar fyrirheitna land pílagraíma.

Selvogsgata og stríðsmenn faraós

Selvogurinn skapar í íslenskum þjóðsögum hugrenningatengsl við frásögnina af undrinu við hafið (2Mós 13.17–14.31) af því er þegar stríðsmenn faraós drukknuðu í Rauða hafinu er þeir eltu flótta hinna hebresku þræla. Hafi stríðsmennirnir eftir drukkun sína þar breyst í seli sem síðar fylltu heimshöfin, einnig hér uppi á Íslandi, þ.m.t. í Selvoginum sem er jú kenndur við seli. Þannig má einnig finna þar áhrif frá sögunni af Móse.³⁸

³⁶ Árið 1995 var Boyd útnefndur Ástralíumaður ársins af forsætisráðherra landsins fyrir framlag sitt til listar og rausnarskap í garð hinnar áströlsku þjóðar.

³⁷ Byggt á viðtali við Einar Hákonarson.

³⁸ Einar segist vilja að unnendur mynda hans túlki þær sjálfstætt þó að hann sé mjög fús að ræða um myndirnar og hugsanir að baki þeim. Hann segist ekki hafa verið með þessa sögu af selunum og stríðsmönnum faraós í huga við gerð

Mósegervingurinn hefur hlýtt kallinu um að draga skóna (sandalana) af fótum sér því að staðurinn sem hann standi á sé heilög jörð. Það er sú frásögn sögunnar sem varð þess valdandi að Einar vildi staðsetja atburðinn nærri helgum stað og sumar-
búðirnar í Kaldárseli í næsta nágrenni við Helgafell geta fallið undir þá skilgreiningu.³⁹

Ef grannt er skoðað má sjá andlit birtast hægra megin út úr runnanum. Einar málaði það meðvitað mjög óljóst svo að það þarf eiginlega „augu trúarinnar“ til að sjá það. Í sögunni er talað jöfnun höndum um engil og Guð sjálfan og fyrir Einari er þetta andlit engilsins. Guð sjálfur er hins vegar í miðjum eldinum. „Ég vildi gefa



Mynd 3. *Á Valhúsaheð.*

myndinni dulmagn,“ hefur Einar sagt við höfund þessarar greinar og bætti við: „Það er engillinn sem ég lét tala við Móse.“ Móse málverksins ber hendur fyrir andlit sitt í óttablandinni lotningu. Eins og í frásögn 2. Mósebókar þá er augnsambandið eða sögnin að *sjá* mikilvæg í myndinni.⁴⁰ Það er sem Móse og engillinn horfist í augu.



Mynd 4. *Bæn.*

Myndir Einars *Á Valhúsaheð* og *Bæn* voru báðar málaðar árið 1982. Þær sýna vel tilhneigingu Einars að nota heimfærslu í myndlist sinni. Angistarfull bæn Jesú er ekki í Gestemane heldur við Hljómskálann í Reykjavík og niðurtaka hans af krossinum á sér ekki stað á Golgata í Jerúsalem heldur á Seltjarnarnesi.

Samanburður á köllun Móse í 2. Mósebók og *Opinberuninni við Helgafell*. Sigurbjörn Einarsson sem fyrirmynd Móse?

Í umfjölluninni hér að framan hefur einkum verið byggt á 2Mós 3.1–14 þar sem engill Guðs birtist fjárhirðinum Móse í eldsloga úr runna sem brann þó ekki. Það er einkennandi fyrir frásögnina hve hebresku sagnirnar að *sjá* og *birtast* (af sömu hebresku rót: *raah*) koma mjög við sögu. En Móse sér ekki bara það sem þarna á sér stað heldur talar Guð til hans úr runnanum og tjáir honum að staðurinn sem hann standi á sé heilög jörð. Móse hylur þá auglit sitt í óttablandinni lotningu.

Í framhaldinu segist Drottinn hafa séð þjáningu þjóðar sinnar í Egyptalandi og hann sé kominn til að bjarga henni úr greipum Egypta. Því næst býður hann Móse að fara til faraós og leiða þjóðina síðan út úr Egyptalandi.

málverksins en honum finnst frásögnin skemmtileg og sagði höfundi greinarinnar að hann mætti mjög gjarnan leyfa henni að standa.

³⁹ Kristilegar sumarþúðir hafa um langt árabíl verið reknar í Kaldárseli.

⁴⁰ Í 2Mós 3 „birtist“ engill Guðs í eldsloga. Móse „sá“ að runninn stóð í ljósum logum (v. 2). Og hann gengur nær til að „virða fyrir sér þessa mikilfenglegu sýn“ (v. 3). Guð „sá“ að Móse gekk nær (v. 4) og Móse huldi andlit sitt (v. 6) því að hann óttaðist að „líta“ Guð (v. 6) og síðan segir Drottinn: „Ég hef séð eynd þjóðar minnar...“ (skáletur höfundar). Um mikilvægi augna og sagnarinnar að *sjá* má lesa í T. Staubli og Schroer, *Body Symbolism in the Bible*, Collegetown, Minnesota: The Liturgical Press, 2001, bls. 103–121.

Móse reynist enn tregur til og segir að Ísraelsmenn muni spyrja hann um nafn þess Guðs sem hafi sent hann. Og Guð svarar: „Ég er sá sem ég er.“

Biblíukunnum lesanda getur ekki dulist hvaða frásögn Biblíunnar er viðfangsefni Einars þarna. Fyrir utan það sem þegar hefur verið bent á um mynd Einars er mikilvægt að hafa í huga hvernig hann málar Móse. Þetta er ekki dæmigerður Móse í stíl við Charlton Heston (1923–2008)⁴¹ eða Móse Michelangelos (1475–1564).

Mörgum mun trúlega fljótt koma í huga hvort Einar hafi þarna haft Sigurbjörn Einarsson (1911–2007) sem fyrirmynd og þá á yngri árum. Og aðspurður neitar hann því ekki að svo hafi verið.⁴²

Einar hefur áður málað íslenskar persónur inn í biblíulegar myndir sínar. Má þar einkum nefna kvöldmáltíðarmynd hans þar sem Halldór Laxness er auðþekkjanlegur. Einar hefur í samtali við höfund þessar greinar gefið í skyn að hann hafi haft sjálfan sig sem fyrirmynd Júdasar í þeirri mynd.

Raunar kemur á daginn að þegar Móse og Sigurbjörn Einarsson eru bornir saman reynast þeir eiga býsna margt sameiginlegt.

Þar má fyrst nefna að báðir lentu þeir í mikilli lífshættu í frumbersku og í báðum tilfellum komu mæður þeirra að björgun þeirra úr þeim háska.⁴³ Hvorugur þeirra átti flekklausan feril á unga aldri. Báðir urðu þeir tvímælalaust mikilhæfir trúarleiðtogar og ollu þáttaskilum.⁴⁴ Lofsöngva og sálma hafa þeir báðir ort. Andóf eða mögl þurftu þeir báðir að takast á við innan „safnaða“ sinna og báðir létu þeir þjóðmál til sín taka.



Mynd 5. Síðasta kvöldmáltíðin.

Margir munu vafalaust kannast við einhver íslensk andlit, t.d. Halldór Laxness, í kvöldmáltíðarmynd Einars Hákonarsonar.

Niðurstöður

Líta má á málverk Einars Hákonarsonar sem nútíma „midrash“⁴⁵ út af sögu 2. Mósebókar af köllun Móse og opinberun Jahveh-nafnsins. Með hugtakinu *midrash* er átt við þá túlkunarhefð Gyðinga sem lætur sér ekki nægja að skýra biblíutextana heldur fyllir í eyður og eykur við frásögnina. Þetta hebreska hugtak hef ég leyft mér að kalla „spuna“ á íslensku.

Þegar málverk Einars er borið saman við frásögn 2. Mósebókar blasir við sitthvað sem er í góðu samræmi við frásögn 2. Mósebókar en annað sem gerir það síður.

Eftirfarandi þætti kýs ég að nefna í þessum niðurstöðum: (1) Staðsetning Einars á myndefninu er úthugsuð, nærri íslensku fjalli sem með nafni sínu endurspeglar

⁴¹ Hér er vísað til þess að Charlton Heston fór með hlutverk Móse í áhrifamestu Móse-kvikmynd allra tíma, þ.e. *The Ten Commandments*. Ágæta umfjöllun um myndina má lesa í bók Melanie J. Wright, *Moses in America*, bls. 89–127.

⁴² Byggt á samtali við Einar Hákonarson.

⁴³ 2Mós 2.1–10 og Sigurður A. Magnússon, *Sigurbjörn biskup: Ævi og starf*, Akureyri: Tindur, 2008, bls. 17–24.

⁴⁴ Hér mætti nefna, þó að einhverjum kunni að þykja það langsóttur samanburður, að Sigurbjörn bardist fyrir endurreisn Skálholts og sá það rísa og Móse lét reisa samfundatjald sem varð fyrirmynd musterisins sem reis í Jerúsalem í tíð Salómóns.

⁴⁵ Gunnlaugur A. Jónsson, „MIDRASH: Gyðinglegur spuni út af Ritningunni: Heillandi túlkunarhefð“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 18/2003, bls. 27–40.

heilagleika, þ.e. Helgafell. Heiti myndarinnar gefur áhorfendum sterka ábendingu þar um, þ.e. *Opinberun við Helgafell*. Hér því um dæmigerða heimfærslu frásagnarinnar að ræða. (2) Sandalarnir eru ekki lengur á fótum þess sem verður fyrir opinberuninni og er það í samræmi við frásöguna í 2. Mósebók. (3) Hið logandi tré og ljóminn sem frá því stafar er nægileg vísbending um til hvaða frásagnar er verið að vísa, a.m.k. þeim sem á annað borð þekkja eitthvað til Biblíunnar. (4) Einar hefur sagt við höfund þessarar greinar að hann hafi viljað gefa myndinni „dulmagn“. Þar á hann annars vegar við birtuna skæru í runnanum en líka það að greina má andlit út úr runnanum. En það þarf nánast augu trúarinnar til að sjá það. (5) Sögnin að *sjá* gegnir stóru hlutverki í frásögn 2. Mósebókar og hið sama má segja um málverkið. Augu Mósegervingsins í málverkinu horfast í augu við engilinn með, að því er virðist, óttablandinni lotningu. Enn sterkar birtist sú lotning eða sá guðsótti í því að „Móse“ myndarinnar ber hendur fyrir höfuð sér, sem er í fullu samræmi við hina biblíulegu frásögn. (6) Mósegervingurinn í málverkinu ber sterkt svipmót af þekktasta kennimanni íslensku kirkjunnar á 20. öld. (7) Vissir þættir frásagnarinnar, eins og einkenni hirðisins, stafur og fénaður, eru ekki í mynd Einars. Hitt sætir minni tíðindum að opinberun Jahveh-nafnsins sést þar tæpast, enda ekki auðvelt að mála hana þótt Chagall hafi í þeim efnum fundið og farið frumlega leið.

Þegar á heildina er litið hefur Einari tekist vel að skila hinni fornu og áhrifamiklu frásögn 2. Mósebókar heim til Íslands í kunnuglegt umhverfi með áhrifamikinn íslenskan kirkjuleiðtoga í hlutverki Móse.

Einar hefur sýnt hinni fornu frásögn trúnað en jafnframt leyft sér frelsi listamannsins í túlkun hennar og heimfærslu.

Með þeim hætti hefur honum á listilegan hátt tekist að flytja heim forna hebreska biblíufrásögn sem íslensk þjóð þekkir vel gegnum langa sögu íslenskra biblíuþýðinga og prédíkana.

Niðurstaðan er sú að hér sé um að ræða afar áhugavert áhrifasögudæmi hins forna texta, vel heppnaða heimfærslu á trúarboðskap í nýjum og breyttum miðli, þ.e. málverki í stað texta.